

Starfspróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)

Úthlutunarreglur*

1. Umsækjendur

1.1 Hverjir eiga rétt á að sækja um styrk hjá SFH?

- a) Hver sá sem er félagsmaður Félags háskólakennara, félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana (Fh), getur sótt um styrk í SFH. Til að öðlast styrk úr sjóðnum verður iðgjald umsækjanda til SFH að hafa verið greitt í 3 mánuði samfleytt áður en til útgreiðslu styrks kemur, eins og það tímamark er skilgreint í d-lið gr. 2.3.
- b) Háskóli Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Raunvísindastofnun Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Sjá nánar í kafla 3.

2. Félagsmenn í Félagi háskólakennara

2.1 Styrkhæf verkefni

Þar sem markmið SFH lúta að markvissri starfspróun félagsmanna Fh, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar sjóðsins, verða eingöngu verkefni styrkt sem varða annað hvort starf eða fagsvið umsækjanda, svo sem vegna kostnaðar sem stafar af:

- a. Skólagjöldum;
- b. Námsgögn sem tilgreind eru í kennsluáætlunum/bókalistum í styrkhæfu námi;
- c. Námskeiðsgjöldum;
þar með talin tungumála- og upplýsingatækninámskeið. Einnig geta námskeiðsgjöld vegna markþjálfunarnáms fallið hér undir ef um er að ræða skipulagt nám sem lýkur með gráðu sem gefur m.a. færi á að sækja um alþjóðlega vottun, sem hluti af starfspróun;
- d. Ráðstefnugjöldum;
- e. Félagsgjöld/meðlimagjöld sem varða starf eða fagsvið viðkomandi, þar með stjórnarfundum í fagfélögum;
- f. Rannsóknamissum og námsleyfum þar sem viðkomandi vinnuveitandi greiðir ekki allan ferðakostnað;
- g. Rannsóknasamstarfi við erlenda háskóla og rannsóknastofnanir;
- h. Rannsókn- og námsferðum (e. study visit) til erlendra stofnana;
- i. Öðrum útlögðum ferðakostnaði, m.a. flug- og lestarfargjöldum og/eða aksturskostnaði, hótél- og gistikostnaði. Undir þennan lið falla innanbæjarsamgöngur s.s. rúta, bílaleigubíll, lestarferðir, leigubílar og bílastæðagjald þegar um er að ræða ferð til og frá lokaáfangastað, t.d. flugvelli eða lestarstöð, til endanlegs gististaðar.

* Þessar reglur voru upphaflega samþykktar 18. nóvember 2016. Hinn 4. desember 2017 var 1.1., 2.1, 2.3 a) og 2.3 d), 3. og 4. breytt í núverandi horf. Hinn 23. ágúst 2018 var 1.1, 2.1, 2.2, 2.3 og 4 breytt í núverandi horf. Hinn 29. apríl 2019 var 2.1 og 2.2 breytt í núverandi horf. Hinn 15. maí 2020 var gr. 1.1, 2.1, 2.3 og 2.4 breytt í núverandi horf. Hinn 17. desember 2021 var gr. 1.1.a, 2.1.b., 2.1.g., og 2.3.d breytt í núverandi horf. Hinn 19. apríl 2024 var gr. 2.1 breytt í núverandi horf

Hámarksgreiðslur vegna slíkra innanbæjarsamgangna er kr. 10.000,- fyrir hvora ferð. Akstur innanlands með einka- eða bílaleigubílum er styrktur um sömu upphæð og lægsta fargjald almenningsvagna nemur.

Ekki styrkhæft:

- Samgöngur innan borgar eða sveitarfélaga, sjá þó grein 2.1.i
- Bílaleigubílar
- Launatap
- Námsgögn, sjá þó grein 2.1.b
- Fæði
- Kynniferðir
- Tómskundarnámskeið
- Sjálfsræktarnámskeið- og/eða sjálfstyrkingarnámskeið og meðferðir s.s. vegna sálfræðiaðstoðar, tímar hjá markþjálfara eða jóga. Slíkt er ekki talið styrkhæft skv. reglum sjóðsins og markmiðum.

Sjóðstjórn metur vafatilvik.

2.2 Styrkfjárhæð

Hámarksupphæð styrkja miðast við kr. 600.000 á hverjum 18 mánuðum. Upphaf hins 18 mánaða tímabils miðast við fyrstu útgreiðslu styrks. Aldrei eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum.

Að öðru leyti gilda eftirfarandi reglur um styrkfjárhæð:

- a) Mánaðarlegt iðgjald að meðaltali að upphæð 2.100 kr. eða hærri, á því tímabili sem nefnt er í 1.1 a), veitir rétt á fullum styrk (600.000 kr.).
- b) Mánaðarlegt iðgjald að meðaltali, á bilinu 1.050 kr. til kr. 2.099, á því tímabili sem nefnt er í 1.1 a) veitir rétt á hálfum styrk (300.000 kr.).
- c) Mánaðarlegt iðgjald að meðaltali lægra 1.049 kr., á því tímabili sem nefnt er í 1.1 a), veitir ekki rétt til styrks.

Ef sjóðspurrð verður eða sjóðurinn stendur illa sé mið tekið af tekjum hans og fyrirsjáanlegum fjárhagskuldbindingum, getur sjóðsstjórn ákveðið að þeir skulu njóta forgangs á meðal umsækjenda sem lægstu styrki hafa fengið úr sjóðnum.

2.3 Umsókn og greiðsla styrks

- a) Umsókn um styrk:

Umsóknæyðublið ásamt upplýsingum um reglur sjóðsins eru aðgengileg á heimasíðu félagsins www.fh.hi.is.

Vanda skal frágang umsóknar og í henni skal nákvæmlega tilgreint með hvaða hætti umsækjandi hyggst verja styrknum auk annarra upplýsinga sem tilgreind eru á eyðublaðinu. Ef umsókn lýtur að endurgreiðslu kostnaðar, sem samkvæmt fyrirleggjandi gögnum er mældur í erlendum gjaldeyri, ber umsækjanda að sýna fram á hver sá kostnaður hafi verið í íslenskum krónum.

b) Frumrit reikninga:

Greiðslur úr sjóðnum fara að jafnaði fram gegn framvísun frumrits reiknings. Af þessu leiðir að útgreiðsla styrks á sér jafnan ekki stað nema að sannað sé með gögnum að hagnýting viðkomandi útgjaldaliðar sé afstaðin, svo sem flug og gisting.

c) Staðfesting á verkefni:

Auk framvísunar reiknings þarf að sýna fram á að styrkurinn mæti kostnaði við verkefnið sem sótt er um, svo sem með dagskrá eða þátttökulista. Staðfesting þarf að koma frá öðrum aðila en umsækjanda sjálfum. Nauðsynlegt er því að halda til haga öllum gögnum.

d) Skilafrestur og útborgun styrks:

Lokadagar fresta til að skila umsókn, ásamt fullnægjandi gögnum, er síðasti dagur hvers mánaðar.

Styrkir úr sjóðinum eru að jafnaði greiddir út mánaðarlega. Framkvæmdastjóra er þó heimilt að greiða út á milli stjórnarfunda styrki vegna skráningargjalda/skólagjalda og tungumálanámskeiða, ef skilyrði eru uppfyllt sbr. gr. 1.1.a og gr. 2.3.a-c.

Umsókn um styrk skal berast sjóðnum innan árs frá lokum verkefnis eða formlegt nám hófst. Með lok verkefna er átt við að lyktir þess séu endanlegar, svo sem að námskeiði sé lokið, ráðstefnu sé lokið og svo framvegis. Með því að formlegt nám hafi hafist er miðað við dagsetningu skólasetningar viðkomandi deildar/námseiningar. Almenn skal miða við 1. september varðandi haustmisseri/heilsárs skráningu og við 1. febrúar varðandi vormisseri. Sýni umsækjandi fram á síðara tímamark skal miða við það.

Félagsmaður sem ekki hefur skilað fullnægjandi gögnum fyrir lok skilafrests á ekki rétt á að umsóknin verði afgreidd í fyrstu úthlutun á eftir.

Þegar styrkur hefur verið greiddur inn á bankareikning umsækjanda er afgreiðslan tilkynnt honum með tölvuskeyti.

e) Tvígreiðsla eða ofgreiðsla styrks:

Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétt mistök eins fljótt og hægt er. Ef umsækjandi hefur fengið tvígreiddan styrk eða ofgreidda styrkupp hæð ber honum að tilkynna sjóðnum mistökin og endurgreiða sjóðnum hina ofgreiddu fjárhæð.

f) Upplýsingar til skattfirvalda:

Í byrjun hvers árs sendir SFH upplýsingar til skattfirvalda þar sem gerð er grein fyrir styrkþegum og styrkupp hæðum fyrra árs.

2.4 Hlé eða rof á sjóðsaðild

a) Fæðingarorlof:

Aðildarrof í fæðingarorlofi skerðir ekki möguleika á styrk enda sé félagsgjald greitt á orlofstímabili.

b) Launalaust leyfi:

Félagsmaður í launalaus leyfi á rétt á styrk samkvæmt reglum sjóðsins fyrstu sex mánuði að öðrum skilyrðum uppfylltum. Félagssmaður þarf að skila inn með umsókn sinni vottorði frá vinnuveitanda sem staðfestir að viðkomandi sé í launalaus leyfi frá sínum vinnustað.

c) Atvinnuleysi:

Við atvinnumissi halda félagsmenn réttindum í allt að 36 mánuði enda sé félagsgjald greitt á tímabilinu.

d) Veikindi:

Félagsmenn halda réttindum sínum á því tímabili sem þeir fá greidda sjúkradagpeninga frá Styrktarsjóði BHM.

e) Endurhæfingarlífeyrir:

Félagsmenn sem þiggja endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun halda réttindum í allt að 36 mánuði.

3. Stofnanir

3.1 Aðild að SFH

Fullgild aðild að Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara hafa þær stofnanir sem taldar eru upp í b-lið kafla 1.1 og greiða iðgjöld til sjóðsins vegna félagsmanna Félags háskólakennara sem þar starfa.

3.2 Styrkhæf verkefni

Verkefni þurfa að falla að markmiðum stofnunar í starfsþróunarmálum og taka til starfsmanna sem iðgjöld eru greidd fyrir til SFH. Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara styrkir eftirfarandi:

a) *Starfsþróunaráætlanir*

Að koma upp virku ferli við gerð starfsþróunaráætlana innan stofnunar.

b) *Verkefni sem byggja á starfsþróunaráætlunum*

Styrkir eru veittir til stofnana til að setja upp skilgreint verklag í mannauðsmálum sbr. eftirfarandi flokka í handbók Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

- i. Starfsmannastefna
- ii. Mannaflagreining og mannaflaspá
- iii. Starfsgreining, hæfni og starfslýsing
- iv. Starfsmannasamtal og mat á frammistöðu
- v. Starfsþróun

- vi. Mannauðsmælikvarðar
- vii. Teymisvinna

Ekki eru styrkt verkefni sem eru hluti af reglubundinni starfsemi stofnunnar heldur þarf að vera um nýbreytni og nýsköpun að ræða.

3.3 Styrkfjárhæð

Stjórn ákvarðar hvaða fjármagni verður veitt í styrki til stofnana í samræmi við áherslur stjórnar hverju sinni.

3.4 Umsóknareyðublað

Sótt er um á sérstöku eyðublaði á heimasíðu Félags háskólakennara, www.fh.hi.is

4. Málskotsréttur

Ef sjóðfélagi er ósáttur við afgreiðslu sjóðsins á styrkumsókn sinni og fylgigögnum á hann ávallt rétt á að vísa erindi sínu á ný til stjórnar sjóðsins. Verður afgreiðslan þá tekin upp á næsta fundi stjórnar.

5. Gildistökuákvæði

Reglur þessar eru samþykktar í stjórn sjóðsins þann 19. apríl 2024, og taka þegar gildi.
F.h. Stjórnar Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara